

Vinnuhópur um leikskólamálf

Fundargerð 9. fundar haldinn mánudaginn 13. september 2021 kl. 13:45 í Norðursal

Mættir:


Gunnar E. Sigurbjörnsson, formaður vinnhópsins og fulltrúi fræðslunefndar
Brynhildur Jónsdóttir, fulltrúi fræðslunefndar
Jóhanna Þórhallsdóttir, fulltrúi leikskólastjóra
Kistrún Hafliðadóttir, fulltrúi leikskólastjóra
Árný Ilse Árnadóttir, fulltrúi leikskólakennara
Harpa Kristín Hlöðversdóttir, fulltrúi leikskólakennara
Anna Söderström, fulltrúi foreldra, var á Teams
Margrét Elísa Gunnarsdóttir, fulltrúi foreldra
Guðný Ingibjörg Rúnarsdóttir, fulltrúi fjölskyldusviðs og starfsmaður vinnuhóps
Þorsteinn Hjartarson, fulltrúi fjölskyldusviðs og starfsmaður vinnuhóps, ritaði fundargerð.

1. Afgreiðsla fræðslunefndar á tillögum vinnuhópsins.

Fræðslunefnd felur sviðsstjóra gera tillögur að breytingum á reglum um leikskóla í Árborg sem eru í anda þess sem hópurinn leggur til. Einnig þarf helst að gera gróft kostnaðarmat á tillögu 1. Þá þarf að skerpa á orðalagi í sömu tillögu til að koma í veg fyrir misskilning.

Umræða um þessa tillögur og að koma þurfi breytingar á reglum á næsta fundi fræðslunefndar 13. október nk., m.a. um gjaldtökuna á sumrin ef foreldrar nýta lenginguna sem boðið verður upp á fyrir og/eða eftir sumarlokun leikskólans.

2. Málþingið verður haldið 1. nóvember nk. á Hótel Selfossi. Þar verður snert á mörgum þáttum í erindum fyrir hádegi og umræðuhópar verða svo eftir hádegi. Staðfesta þarf alla fyrirlesara og setja dagskrána upp og nánara skipulag málþingsins. Þarf að kynna þetta tímanlega. Það vantar enn aðila frá atvinnurendum.
3. Styrking leikskólastigsins - skýrsla starfshóps. Verður sett á Teams svæðið og tekin fyrir á næsta fundi vinnuhópsins.
4. Bent á að það þurfi skýrari viðmið er varða veikindi leikskólabarnanna, þ.e. hvenær þau mega mæta og hvenær ekki. Þetta væri kjörið að ræða á málþinginu. Í Vestamannaeyjum gaf heilsugæslan út viðmið fyrir leikskólana. Kannski væri gott að fá stutt erindi frá HSu.
5. Staðan fyrir málþingið. Haraldur FL, (Þorsteinn). Kristín Dýrfjörð (Gunnar), Svava Björg Mörk (Harpa Kristín), Félag atvinnurekanda í Árborg/Suðurlandi (Gunnar), Helga Björg hjá Hjallastefnunni (Guðný), Júlíana Tyrfings (Guðný), Erna Karen, fulltrúi foreldra, sýn og væntingar? (Jóhanna ath.), fulltrúi HSu (Margrét Elísa). Hver setur þingið (Þorsteinn nefndur til sögunnar)? Ávarp



bæjarstjóra. Það þarf tvo þingstjóra (Gunnar getur verið annar þeirra). Það má ætla að þingið sækir rúmlega 200 manns. Gott væri að nota Padlet, bæði í tengslum við fyrirspurnir til fyrirlesara og í umræðuhópum eftir hádegi. Þurfum að hafa tæknifólk með okkur í þessu. Svo er spurning hvort hópurinn fái umboð til að klára þessu vinnu fram yfir áramót. Það þarf m.a. að vinna úr málþinginu.

6. Gott væri að fá heimsókn frá UT á næsta eða þar næsta fundi. Sérfræðingur þarf að vera með okkur á málþinginu svo allt virki örugglega vel. Þorsteinn hefur samband við Sigríði Magneu. Gott væri að bjóða einnig upp streymi og hafa það aðgengi-legt eftir málþingið.

Fundi slitið kl. 14:50

Gunnar E. Sigurbjörnsson

Guðný I. Þinnsd.

Jóhanna Þórhallæd

Kristín Haflied

Árný Ilse Arnadóttir

Margrét Elísa Gunnarsd.

Hanna Kristín Hlöðversd.

Þorsteinn